

Gjögur hf. Grenivík

1025/2

Útgerðarfélagið Gjögur hf. var stofnað árið 1946 á Grenivík og er elsta útgerðarfélag landsins. Það voru 38 manns sem stóðu að félaginu og þegar við stofnun var búið að leggja drög að kaupum á tveimur bátum. Fyrri báturinn, Vörður TH 4, var afhentur í febrúar 1947 og var sendur beint á vetrarvertíð í Hafnarfirði. Von TH 5 kom í lok júní og fór beint á síldveiðar.

Hugmyndin á bakvið stofnun Gjögurs hf. var að efla atvinnulíf í hreppnum og tryggja áframhaldandi og vaxandi byggð á Grenivík.

Fyrstu vetrarvertíðirnar var gert út frá Hafnarfirði en 1952/53 fluttist útgerðin til Grindavíkur. Nokkur fyrstu árin réru bátar félagsins frá Grenivík á vorin, eftir að vetrarvertíðinni lauk, og lönduðu þar fram til þess að síld fór að veiðast í lok júní. Hafnleysi á Grenivík stóð nokkuð í vegi þess að tækist að efla atvinnulífið þar til muna en samt sem áður veitti félagið fjölmörgum hreppsþúum atvinnu. Fyrstu tvo áratugina voru að jafnaði 25-40 manns úr Grýtubakkahreppi í fastri vinnu hjá félaginu meirihluta ársins.

Félagið reisti geymslu og fiskverkunarhús á Grenivík 1949 og 1956 byrjaði Gjögur hf. að verka saltfisk í eigin húsnæði í Grindavík. Fólk úr Grýtubakkahreppi fór þá suður til Grindavíkur á vetrarvertíð og aflaði sér þar tekna.

Á sjöunda áratugnum var byggð höfn og frystihús á Grenivík og heimamenn hættu því að þurfa að sækja vinnu á vertíð í öðrum landshlutum. Mikilvægi Gjögurs hf. fyrir atvinnulíf í Grýtubakkahreppi minnkaði til muna en margir heimamenn hafa eftir sem áður verið á skipum félagsins og það starfrækir fiskvinnslu á Grenivík (2025).

Eftir að Von strandaði við Reykjanes í mars 1958 og eyðilagðist eignaðist félagið þriðja skipið, Áskel ÞH 48. Í tímans rás hafa skip félagsins verið mis mörg í senn og verið endurnýjuð eftir aðstæðum en að öllum jafnaði hafa þau borið nöfnin Vörður, Áskell og Hákon og heimahöfn þeirra verið Grenivík.

Gjögur hf. hefur ekki gert mikið af því að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum en til þess að tryggja sér löndunarpláss á síldarárunum eignaðist félagið hlut í síldarplaninu Borgum á Raufarhöfn og Seyðisfirði. Gjögur var meðal stofnenda í Nótastöðinni hf. á Akureyri.

Það var Björn Ingólfsson sem afhenti skjölin í ágúst 1999. Eldra númer afhendingarinnar er 1107 en við frágang og skráningu í júlí 2025 fékk hún nýtt númer, þ.e. 1025/2. Við fráganginn var nokkuð af fylgiskjöllum bókhalds grisjuð en haldið eftir fylgiskjöllum frá 1950 og 1960. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara er 2012/5 og 2025/32.

Héraðsskjalasafninu á Akureyri 17. júlí 2025

Lára Ágústa Ólafsdóttir, héraðsskjalavörður

Geymsluskrá

1025 / 2

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

A-Almennt

A-Almennt

1952 - 1960

A	1	1	1952 - 1952	Dulmálslykill norðlenskra togbáta 1952.
A	1	2	1959 - 1960	Ársreikningar fyrir Borgir hf.
A	1	3	1960 - 1960	Bréf o.fl.

B-Bókhald

BA-Ársreikningar, dagbækur og sjóðbækur

1947 - 1961

BA	1	1	1947 - 1953	Sjóður og fleiri reikningar.
BA	1	2	1951 - 1951	Dagbók, samanteknir reikningar og uppgjör.
BA	1	3	1952 - 1952	Dagbók, samanteknir reikningar og uppgjör.
BA	1	4	1953 - 1953	Dagbók
BA	1	5	1960 - 1960	Dagbók
BA	1	6	1958 - 1958	Sjóðbók
BA	1	7	1960 - 1960	Sjóðbók
BA	1	8	1961 - 1961	Sjóðbók

BB-Viðskiptamenn og vinnubækur

1950 - 1960

BB	1	1	1950 - 1951	Viðskiptamenn
BB	1	2	1957 - 1957	Vinnubók
BB	1	3	1960 - 1960	Vinnubók
BB	1	4	1960 - 1960	Viðskiptamenn

BC-Fylgiskjöl

1950 - 1960

BC	1	1	1950 - 1950	Kostur landmanna á Suðurlandsvertíð; bílar frá Von; Vörður, innlegg hjá Jóni Gíslasyni og Frost; Vörður, innlegg hjá Lýsi og mjöl; Jón Gíslason og Frost; Vörður, bílar Suðurlandsvertíð.
BC	2	1	1960 - 1960	B 1-27
BC	3	1	1960 - 1960	B 28-117
BC	4	1	1960 - 1960	Grindavík 1960, 1-303, kafli 1-12.
BC	5	1	1960 - 1960	Grindavík 1960, 304-497, kafli 13-20.
BC	6	1	1960 - 1960	Grenivík 1960, 1-453, 1-15.
BC	7	1	1960 - 1960	Grenivík 1960, 16-26.
BC	8	1	1960 - 1960	Grenivík 1960, 37-63.